Kæra starfsfólk félagmiðstöðva, framhaldsskóla og ungmennahúsa,

Sjúkást er verkefni á vegum Stígamóta um ofbeldi í nánum samböndum ungmenna. Verkefninu er ætlað að vera forvörn gegn ofbeldi með því að fræða ungt fólk um mörk og samþykki, og hefur verkefnið skapað sér sess í forvarnastarfi skóla og félagsmiðstöðva. Við hverja herferð senda Stígamót plaköt og annað efni á alla framhaldsskóla og félagsmiðstöðvar landsins, með ósk um að kynna efnið fyrir hverjum nemendahópi.

Ýfirskrift herferðarinnar í ár er ***jafnvægi í samskiptum*** og er vegasalt notað sem táknmynd fyrir því. Markmiðið er að fá ungt fólk til að máta sig við skilaboð herferðarinnar og spegla sína stöðu og eiginleika við það sem birtist í herferðinni. Til þess að auðvelda það höfum við útbúið gagnvirkt vegasalt á www.sjukast.is þar sem ungmenni geta raða eiginleikum sem þau tengja við til að skoða jafnvægið í sínum samskiptum.

Átakið byggir á reynslu sem bæði Stígamót og Sjúkást búa yfir og hafa fengið í gegnum fyrri herferðir, ráðgjöf og þá sérstaklega Sjúktspjall, en það er nafnlaust netspjall fyrir ungt fólk um sambönd, samskipti og ofbeldi sem opnaði árið 2022. Við hvetjum þinn starfsstað til að vekja athygli ungs fólks á herferðinni, á vegasaltinu, Sjúktspjall og sjálfsprófunum á heimasíðu verkefnisins: www.sjukast.is

Á ári hverju setjum við saman fræðslupakka sem starfsfólki skóla og félagsmiðstöðva er velkomið að nýta við að fræða sinn nemendahóp um ofbeldi, mörk, óheilbrigð og heilbrigð samskipti í samböndum.

Innihald fræðslupakkans 2024

- Glærusýning (Powerpoint)
- Handrit að glærusýningunni á PDF.
- Leiðbeiningar fyrir þrjú verkefni
- Upptaka á kynningu á fræðslupakkanum til starfsfólks
- Myndbönd og myndir herferðarinnar
- Veggspjöld herferðarinnar í ár (5 útgáfur)
- Sambandsrófið og Kynlíf vs. kynferðisofbeldi (veggspjöld, ísl. og enska))
- Drög að bréfi til foreldra.

Á heimasíðunni www.sjukast.is, Instagram *sjuk.ast* og TikTok *sjuk.ast* er gagnlegt efni sem ykkur er frjálst að deila á ykkar samfélagsmiðlum. Á heimasíðunni er svo hægt að nálgast allt efnið sem fylgir herferð ársins sem og herferða fyrri ára ásamt heilmiklu fræðsluefni m.a. um sambönd, kynlíf, klám og ofbeldi.

Endilega hafið samband ef spurningar vakna.

Bestu kveðjur,
Starfsfólk Stígamóta
sjukast@stigamot.is